





Reykjavík, 28. júlí 2026
USK26060402

Bæjarflöt 19 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um nýja aðrein að lóð.


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. júlí 2026 var lögð fram fyrirspurn LL Fasteigna um að fá að setja auka innkeyrslu inn á lóð við Bæjarflöt 19.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag Gylfaflöt



Skýringarmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bæjarflöt 19 borgarhluta 8 og er hluti af Athafnarsvæði, AT3

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Gylfaflöt, athafnarsvæði við Gufunes, samþykkt í borgarráði 7. apríl 1998 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr 19 við Bæjarflöt er einnar hæðar atvinnuhúsnæði með millilofti þar sem gert er ráð fyrir léttum iðnaði.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa um hvort heimild sé til að setja auka afrein fyrir innkeyrslu inn á lóðina. Verið er að setja gangstéttar í hverfið og því afleggja aðra innkeyrsluna. Innkeyrsla sem verður eftir breytingar verður að bakhluta lóðarinnar.

Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir tveimur innkeyrslum frá Bæjarflöt og engri innkeyrslu frá Gylfaflöt.

Umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar:

Innkeyrsla inn á lóð Bæjarflatar 19 frá Gylfaflöt þyrfti að vera að lágmarki 25-30 m frá kantlínu aðliggjandi götu (Bæjarflatar) frá gatnamótum, sú sem var gerð óleyfi er ekki nema um 20 m frá kantlínu akbrautar. Sé það uppfyllt sé ég í fljótu bragði ekki annað en að það ætti að vera hægt að útfæra það með hætti sem væri viðunandi.



Reykjavík



Niðurstaða

Neikvætt er tekið í að staðsetja innkeyrslu frá Gylfaflöt að óbreyttu

- Þar sem gildandi deiliskipulag sýnir aðkomu að lóð frá Bæjarflöt en ekki frá Gylfaflöt er nauðsynlegt að breyta deiliskipulagi verði óskað eftir nýrri aðkomu frá Gylfaflöt.
- Samkvæmt umsögn samgöngudeildar skal innkeyrsla vera staðsett að lágmarki 25-30 m frá gatnamótum og þarf staðsetning hennar að taka mið af þeirri kröfu.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir

verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda



Reykjavík